

Nd.

30. Frumvarp til laga

[26. mál]

um breyting á lögum nr. 31 27. júní 1941, um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Helgi Jónasson.

1. gr.

2. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Forstöðumenn sendiráða (sendiherrar og sendifulltrúar) skulu eigi vera fleiri en fjórir. Ríkisstjórnin getur falið forstöðumanni sendiráðs að veita forstöðu sendiráðum í fleiri löndum en einu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1950. Um leið falla úr gildi lög nr. 10 27. júní 1921, um sendiherra í Kaupmannahöfn.

Greinargerð.

Frumvarp um þetta efni var fram borið á síðasta Alþingi, en hlaut þá ekki samþykki. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frv. á síðasta þingi:

Árið 1921 voru sett lög um sendiherra í Kaupmannahöfn, og eru þau enn í gildi. Tuttugu árum síðar, árið 1941, voru sett lög um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis. Samkvæmt 2. gr. þeirra laga ákveður ríkisstjórnin með tilskipun, á hvaða stöðum skuli vera sendiráð. Þar er einnig ákveðið, að ríkisstjórnin geti falið forstöðumanni sendiráðs að veita forstöðu sendiráðum í fleiri löndum en einu, ef hún telur það æskilegt.

Samkvæmt þessum lögum frá 1941 hafa verið stofnuð nokkur sendiherraembætti á undanförnum árum, og hefur þeim farið fjölgandi. Í fjárlagafrumvarpinu, sem nú liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir launagreiðslum til 6 sendiherra í öðrum löndum. Kostnaður við sendiráðin erlendis er þar áætlaður töluvert á aðra milljón króna.

Í frv. þessu er lagt til, að sendiherrum og sendifulltrúum Íslands verði fækkað og fjöldi þeirra ákveðinn með lögum, en ekki með tilskipunum ríkisstjórna. Verður ekki séð, að brýn þörf sé fyrir sex sendiherra í öðrum löndum. Ætti að vera auðvelt að komast af með þrjá sendiherra og sendifulltrúa í Evrópu og einn í Ameríku. T. d. gæti einn maður veitt forstöðu öllum sendiráðunum á Norðurlöndum, annar verið sendiherra á Bretlandi og jafnframt veitt forstöðu sendiráði á Frakklandi, ef henta þætti, en sá þriðji starfað í öðrum Evrópulöndum. En þó á þetta sé bent hér, er það eftir sem áður á valdi ríkisstjórnarinnar að ákveða aðsetursstaði og starfssvæði sendimannanna, þó að frv. þetta verði að lögum.

Verði frv. þetta samþykkt, mun það hafa í för með sér verulega lækkun á útgjöldum við utanríkisþjónustuna, og má draga ályktanir um sparnaðarvilja þingsins af því, hvernig máli þessu verður tekið. Eins og áður segir, er kostnaðurinn við utanríkismálin nú mjög mikill og hefur farið ört vaxandi. Er vissulega mikil þörf að gæta hófs í því efni sem öðrum og koma málunum þannig fyrir, að sem bezt verði gætt hagsmuna þjóðarinnar erlendis með sem minnstum kostnaði. Enginn vafi er á því, að á mörgum stöðum er hægt að fá Íslendinga búsetta erlendis og einnig annarra þjóða menn, sem eru vinveittir Íslendingum, til þess að gerast kjöræðismenn fyrir Ísland. Er auðvelt að finna slíka menn, sem hafa góðan vilja, hæfileika og aðstöðu til þess að gæta hagsmuna Íslendinga og vinna að málum þeirra hjá öðrum þjóðum.